

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Glinor 5,2 mg/skammt nefúði, lausn natríumcromoglicat

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Glinor nefúða og við hverju hann er notaður
2. Áður en byrjað er að nota Glinor nefúða
3. Hvernig nota á Glinor nefúða
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Glinor nefúða
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Glinor nefúða og við hverju hann er notaður

Virka efnið í Glinor er natríumcromoglicat, efni sem hindrar losun boðefna sem valda bólgu (histamína, prostaglandína, leukotríena, o.s.frv.) og kemur þannig í veg fyrir ofnæmisviðbrögð.

Við hverju er Glinor nefúði notaður?

Til meðhöndlunar á ofnæmisbólgu í nefi, algeng einkenni eru hnerri, nefrennsli, kláði og nefstífla.

2. Áður en byrjað er að nota Glinor nefúða

Ekki má nota Glinor nefúða:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir natríumcromoglicati eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Notkun annarra lyfja samhliða Glinor nefúða

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Ekki hafa sést neinar milliverkanir við önnur lyf.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Akstur og notkun véla

Glinor nefúði hefur engin áhrif á hæfileika til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Glinor nefúði inniheldur benzalkonklóríð

Þetta lyf inniheldur 0,1 mg benzalkonklóríð í hverjum ml. Benzalkonklóríð getur valdið ertingu eða bólgu í nefi, sérstaklega við langvarandi notkun.

3. Hvernig nota á Glinor nefúða


Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá lækningnum eða lyfjafræðingi.

Skammtar

Fullorðnir og börn eldri en 4 ára: Einn úðaskammtur í hvora nös 2-4 sinnum á dag.

Notkunarleiðbeiningar

1. Fjarlægjið plasthlífina af stútnum á glasinu.
2. Fyrir fyrstu notkun þarf að úða nokkrum sinnum út í loftið, til að fá jafnan úðaskammt.
3. Haldið glasinu í uppréttri stöðu (sjá mynd), setjið stútinn á úðaglasinu í aðra nösina og ýtið einu sinni á dæluna. Endurtakið fyrir hina nösina.
4. Komið plasthlífinni aftur fyrir.



Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Hugsanleg einkenni ofskömmunar geta verið ógleði og krampar.

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

Leitið til lækis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Tímabundin erting í nefslímhúð getur komið fram í upphafi meðferðar.

Ofnæmiseinkenni hafa komið fyrir í örfáum tilvikum.

Tíðni eftirtalinnna aukaverkana er ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum):

- Erting í nefslímhúð, blóðnasir, hnerri, hósti, hæsi.
- Höfuðverkur, bragðskynstruflanir.
- Ofnæmi, hugsanleg einkenni gætu verið kláði, andnauf, berkjukrampi, skyndilegur bjúgur í húð, bjúgur í barkakýli.
- Bólga í tungu.
- Sár í nefslímhúð.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint **samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá Appendix V**. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Glinor nefúða

Geymið ekki við hærri hita en 25°C. Geymið varið gegn ljósi.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Glinor nefúði inniheldur

1 ml af nefúða inniheldur:

40 mg natríumcromoglicat sem virkt efni

Benzalkonklóríð, natríumedetat og hreinsað vatn sem hjálparefni.

Lýsing á útliti Glinor nefúða og pakkningastærðir

Tær, litlaus eða ljósgul lausn.

Pakkningastærð: 15 ml = um 100 skammtar

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

ratiopharm GmbH, Ulm, Þýskaland

Framleiðandi

Merckle GmbH, Blaubeuren, Þýskaland

Vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið

Alvogen ehf.

Smáratorgi 3

201 Kópavogur

Ísland

Sími: 522 2900

Netfang: info@alvogen.is

Þetta lyf hefur markaðsleyfi í löndum Evrópska efnahagssvæðisins undir eftirfarandi heitum:

Finnland: Glinor 5,2 mg/annos nenäsunate, liuos

Ísland: Glinor 5,2 mg/skammt nefúði, lausn

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í febrúar 2021.